

Nr. 15.
20.
október.

11. gr.

Til hitaleiðslu í pósthúsinu í Reykjavík veitast ..	kr. 1,975,72
Ráðherrabústaður	— 1,562,62
Millipinganevnd í fjármálum landsins	— 4,500,00
	kr. 8,038,34

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 16.
20.
október.

Fjáráukalög

fyrir árin 1912 og 1913.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1912 og 1913, veitast kr. 108,799,85 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla o. fl.) veitast kr. 1,325,00.

Við A. 3. Til viðgerðar fangahússins á Seyðisfirði alt að	kr. 700,00
Á eftir A. 4. komi nýr liður, er verði 5. liður:	
Til að kaupa peningaskáp handa sýslumanninum í Strandasýslu...	— 125,00
Við B. 6. Til eftirlits úr landi með fiskiveiðum í Garðsjó innan landhelgi	
gegna jafnmiklu annarstaðar frá	— 500,00
	kr. 1,325,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. (Læknaskipun) veitast kr. 1,501,50.

Við 8. B. Til að mála að utan geðveikrahælið á Kleppi	kr. 600,00
Við 10. lið (nýr liður):	
Aðgerð á sóttvarnarhúsinu á Akureyri	— 601,50
Til drengsins Einars Guðmundssonar á Þórarinsstaðaeyri, til þess að	
leita honum læknishjálpar í Danmörku	— 300,00
	kr. 1,501,50

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. (Samgöngumál) veitast kr. 63,040,66.

Við A. Til pósthúshyggingar (til undirbúnings og til að byrja á byggingunni)	kr. 30,000,00
Við B. II. 3. Reykjadalabraut	— 10,000,00
Við B. II. Til steinsteypubruar á Steinslæk í Holtum $\frac{2}{3}$ hlutar kostnaðarins	— 1,146,11
Við B. XII. (nýr liður): Til fyrirhleðslu við Holtsá	— 2,547,56
Við D. Til endurgreiðslu á tillagi til símalínu frá Selfossi að Eyrarbakka	— 2,500,00
Til endurgreiðslu á tillagi Rangárvallasýslu til Garðsaukasímans alt að gegn því, að sýslan leggi á sínum tíma hlutfallslega til Vikursímans.	— 3,333,33
Til endurgjalds á sýslutillagi til Patreksfjarðarsímans	— 5,000,00
Til þess að styrkja símalínuna á Fjarðarheiði, Fljótsheiði og víðar, alt að	— 7,000,00
Við E. VII. Til vitavarðarbústaðar á Siglunesi	— 713,66
Við E. XVII. Til brunngraftar við Garðskagavita alt að	— 800,00
	kr. 63,040,66

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. (Kirkju- og kenslumál) veitast kr. 14,103,61.

Við A. b. 6. Álag á Staðarstaðarkirkju	kr. 1,110,05
7. Til Ásólfsskálakirkju, eftirgjöf á viðlagasjóðsláni að því tilskildu, að söfnuðurinn taki kirkjuna að sjer	— 803,56
Við B. I. Til þess að kaupa Röntgensáhöld handa læknaeild háskólans	— 6,000,00
Til hr. A. Courmont í viðurkenningarskyni fyrir kenslu hans í frakkneskri tungu og bókmentum skólaárin 1911—1913	— 1,440,00
Við B. III. b. 1. Gagnfræðaskólinn á Akureyri: Til byggingar á úthýsi og aðgerðar á skólahúsinu eftir reikningi, alt að	— 4,000,00
Við B. IV. b. 2. Til aukakenslu við kennaraskólann	— 750,00
	kr. 14,103,61

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. (Vísindi og bókmentir) veitast kr. 5,153,33

Við 1. c. (nýr liður): Aðstoð við Landsbókasafnið	kr. 1,053,33
Við 49. (nýr liður): Styrkur til að sækja olympisku leikina í Stokkhólmi 1912	— 2,500,00
Til kvennrjettindafjelags Íslands, styrkur til þess að senda fulltrúa á alþjóðamót í Buda-Pest í júní þ. á. um kosningarrjett kvenna	— 1,000,00
Til stúdentafjelagsins í Reykjavík, styrkur til þess að senda mann á 100 ára afmæli stúdentafjelagsins norska	— 600,00
	kr. 5,153,33

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. (Til verklegra fyrirtækja) veitast kr. 17,500,95.

Við 1. Bændaskólinn á Hólum: Endurbætur á gamla skólahúsinu	kr. 782,98
Til smíðakenslu	— 500,00
Við 2. Bændaskólinn á Hvanneyri: Viðbótarstyrkur til að reisa leikfímishús	— 3,258,27
Flyt... kr	4,541,25

Nr. 16.
20.
október.

Flutt.... kr. 4,541,25

Upphæð þessi útborgast þá fyrst, er stjórnarráðið hefir fengið fullkomna skilagrein fyrir efnisleifum frá byggingu skólahússins á Hvanneyri.

Við 20. Styrkur til manns til að læra dýralækningar erlendis, fyrir síðasta ársþriðjung 1913.....	—	200,00
Við 30. Ferðastyrkur til Sigurgeirs Einarssonar til að kynnst ullarþurkun í Englandi og Þýskalandi.....	—	1,000,00
Til sama upp í kostnað við Ameríkuferð 1911.....	—	1,159,70
Við 37. Til Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns upp í utanfararkostnað 1910.....	—	200,00
Til Árna Gíslasonar fiskimatsmanns upp í ferðakostnað til Spánar og Ítalíu.....	—	400,00
Við 54. (nýr liður): Til að mæla innsigling á Gilsfjörð (endurveiting) alt að	—	10,000,00
		kr. 17,500,95

8. gr.

Sem viðbót við 18. gr. veitist 420 kr.

Til ekkjufrúar Valgerðar Jónsdóttur frá Múla.....	kr.	420,00
---	-----	--------

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. (Óviss útgjöld) veitast kr. 5,754,80.

1. Ferðakostnaður og fæðispeningar nokkurra þingmanna á fund í Reykjavík í desember 1912 (án þess veiting þessi myndi nokkurt fordæmi)	kr.	754,80
2. Til endurgreiðslu á vörugjaldi af kolum, sem þau af skipum Hins sameinaða gufuskípafljags, sem halda uppi umsömdum millilandaferðum samkvæmt 10 ára samningi, gerðum árið 1909, taka á Íslandi eftir 1. jan. 1913, eftir reikningi alt að.....	kr.	5,000,00
		kr. 5,754,80

- Stjórninni veitist heimild til að lána Stokkseyrarhreppi og Eyrarbakka-hreppi úr landssjóði kr. 4,650,00, til þess að bæta skemdir á sjógarðinum frá Óseyri austur fyrir Stokkseyri. Lánið ávaxtist með 4½ % á ári, og afborgist á 15 árum með jöfnum afborgunum.
- Stjórninni veitist heimild til að veita viðtöku til viðhalds á landsjóðs kostnað skipbrotsmannaskýli í Máfabót í Hörgslandi, sem reist verður í sumar, með stikum frá húsinu til bygða, þó með því skilyrði, að húsið sje traustlega bygt, og við skoðunar-gerð skilað í fullu standi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalínuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.